

Stjórnarfundur SÍM 4.11.24

Fundarstjóri er Anna Rún. Mættir: Anna Eyjólfss, Anna Rún, Líska, Þóra og Pétur.



Dagskrá:

Tilnefning í dómnefnd íslensku myndlistarverðlaunanna

Frestur til 20. janúar 2025. Líska sendir út beiðni um að þeir sem kæri sig um að vera í nefndum sendi nafn sitt inn á lista.

Artótek

Líska stýngur upp á því að vera með sýningu í SÍM salnum með verkum úr Artótekinu í desember. Spurning um að endurstrúktúrera skipulagið á Artótekinu og aðkomu SÍM. Þarf að hækka lágmarksverðið á leigu pr. mánuð. Líska á fund með Borgarbókasafninu til að ræða þessi mál.

Norræn myndlistarverðlaun

Áskorun á Norrænu ráðherranefndina. Sent út bréf á okkar fulltrúa á Íslandi og boða hann fund.

Viska

Fundur með Visku um kjaramál myndlistarmanna í SÍM salnum 6. nóvember nk.

Jólaboð

Fyrirhugað jólaboð fyrir stjórn og starfsfólk. Nánari dagsetning og dagskrá kynnt síðar.